

Vegir á höfuðborgarsvæðinu í umsjá Vegagerðarinnar

Höfuðborgarsvæðið 2040 – Sýn Vegagerðarinnar – Júní 2018



VEGAGERÐIN

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.	4
Skipulag og samvinna.....	6
Stofnvegir	7
Stofnvegir A (Meginstofnvegir)	7
Framtíðarsýn.....	7
Stofnvegir B (Aðrir meginstofnvegir).....	10
Framtíðarsýn.....	10
Stofnvegir C (Aðrir stofnvegir – stofngötur).....	11
Framtíðarsýn.....	11
Skilavegir	12
Vegaskrá	13
Almenningssamgöngur, þar með talin Borgarlína.....	14
Stígar.....	15



Inngangur

Með greinargerð þessari er Vegagerðin að svara kalli svæðisskipulags á höfuðborgarsvæðinu um nánari framtíðarsýn varðandi stofnvegakerfi. Jafnframt er vísað í samkomulag um samstarf SSH og Vegagerðarinnar um þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu, dags. 17. apríl 2015.

Hlutverk og markmið Vegagerðarinnar er skilgreint í Vegalögum nr. 120/2012. Þar segir m.a. að hlutverk stofnunarinnar sé að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins ásamt því að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Öll vinna Vegagerðarinnar miðar að þessum markmiðum. Hér að neðan verður vísað í Veghönnunarreglur hvað varðar framtíðarsýn vega.

Inndreginn texti er úr ritinu Höfuðborgarsvæðið 2040. Undirstrikun er Vegagerðarinnar.

- 2.4.1 *Svæðisskipulagsnefnd, í samvinnu við Vegagerðina, greinir nánar framtíðarsýn um tveggja laga stofnvegakerfi á svæðinu: meginstofnvegi og stofngötur. Meginstofnvegum og stofngötum verður jafnframt skipt í undirflokkka í samræmi við nærumhverfi og mikilvægi á svæðisvísu. Í kjölfar ástandsgreiningar verða ásættanlegt þjónustustig, hámarks hraði, hámarks fjöldi tenginga og fleiri tæknileg atriði skilgreind fyrir hvern flokk fyrir sig. Þeirri vinnu á að ljúka fyrir lok árs 2016. Sveitarfélögin innleiða niðurstöður vinnunnar í aðalskipulagsáætlanir að því loknu.*
- 2.4.6 *Sveitarfélögin í samráði við Vegagerðina vinna tillögur að endurhönnun meginstofnvega og stofngatna, eftir því sem byggð og samgöngur próast. Áherslur verða á aðgerðir og framkvæmdir sem geta aukið umferðaröryggi og dregið úr neikvæðum áhrifum umferðar á nærumhverfið og smærri staðbundnar aðgerðir til að bæta umferðarlæði. Afkastageta stofnvega sem eru á forræði Vegagerðarinnar verður ekki minnkuð nema að greining sýni að ásættanlegt þjónustustig, sbr. aðgerð 2.4.1, náist áfram eða aðilar séu sammála um annað.*
- 2.4.7 *Tillögurnar sbr. 2.4.6 verði grundvöllur samvinnu við ríkið við endurskoðun samgönguáætlunar og mótun annarra opinberra áætlana. Sveitarfélögin kanni möguleika á aukinni nýtingu aðliggjandi svæða undir byggð, sérstaklega þar sem meginstofnvegir og stofngötur liggja um miðkjarna og samgöngumiðuð þróunarsvæði.*

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Markmið 2.1

Á höfuðborgarsvæðinu verður raunhæft val um skilvirka samgöngumáta.

Markmið 2.4

Meginstofnvegir tryggja greiða og örugga umferð fólks og vöru.

2.4.8 Ríkið verði samráðsaðili við gerð fjögurra ára þróunaráætlana sveitarfélaganna og taki mið af tillögum sveitarfélaganna um forgangsroðun aðgerða á meginstofnvegum og stofngötum við reglubundna endurskoðun samgönguáætlunar hverju sinni.


2.4.9 Almannaþing höfuðborgarsvæðisins og tengdir aðilar vinni með sveitarfélögunum að verkefni um rýmingu á höfuðborgarsvæðinu og frekari rannsóknnum því tengdu.

2.4.10 Ríkið vinni að því að þróa áfram og festa í sessi formlegt verklag við ákvarðanir um uppbyggingu vegakerfisins í þéttbýli þar sem kostnaður og ábati mismunandi leiða að markmiðum samgönguyfirvalda er borinn saman.

2.4.11 Samgönguáætlun leggi áherslu á að tryggja greiðar tengingar höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar við alþjóðlegar megingáttir, Reykjavíkurbörn og Keflavíkurlugvöll.

Stofnvegir á höfuðborgarsvæðinu eiga að mynda heildstætt tveggja laga kerfi, meginstofnvega og stofngatna sem verða endurhannaðar eftir því sem byggð og samgöngur þróast.

-  MEGINSTOFNVEGIR
-  STOFNGÖTUR
-  ALÞJÓÐAFLUGVÖLLUR
-  VÖRUFLOTNINGAHÖFN
-  BORGARBYGGÐ (2012)
-  VAXTARMÖRK



Mynd úr bókinni „Höfuðborgarsvæðið 2040“

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins eru stofnvegir flokkaðir í meginstofnvegi, aðra meginstofnvegi og stofngötur. Samkvæmt vegalögum teljast umræddir vegir stofnvegir. Hér verður notast við hugtökin stofnvegur A, B og C.

Í einhverjum tilvikum er veghald stofnvega sem fjallað er um í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins óljóst. Þetta eru vegir sem eru á skipulagsstigi en hafa ekki komið til framkvæmda;

- Ofanbyggðarvegur,
- Álfanesvegur (Ofanbyggðarvegur-Hafnarfjarðarvegur)

Sveitarfélög skulu tryggja að við vegamót stofnvega við vegi í umsjá þeirra myndist ekki tafir sem hafi áhrif á afköst stofnvega.

Lögd er áhersla á að tryggja greiðar tengingar höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar við alþjóðlegar megingáttir, Reykjavíkurhöfn og Keflavíkurflugvöll. Reykjavíkurflugvöllur er ekki nefndur en Vegagerðin telur brýnt að tryggja greiðar samgöngur að flugvöllum.

Skipulag og samvinna

Ef kostnaður vegna vega á höfuðborgarsvæðinu er ætlaður af ríkisfé er ljóst að sveitarfélögum ber að hafa samráð um legu og útfærslu þeirra.¹⁾ Vegagerðin leggur mikla áherslu á að skipulagsvinna á og við vegi í umsjá hennar verði ekki unnin án hennar aðkomu. Þetta á við um skipulagsvinnu á öllum stigum sem og við gerð rammaskipulags. Við samkeppni á skipulagsstigi leggur Vegagerðin mikla áherslu á að forsendur samkeppni hvað varðar samgöngur, rýmisþörf vega og aukningu umferðar séu unnar í samráði við Vegagerðina.

Bent er á að á heimsíðu Vegagerðarinnar er að finna ritið: „Vegir og skipulag. Leiðbeiningar.“ Rit þetta var unnið af Vegagerðinni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og VSÓ ráðgjöf.

¹⁾ Vegalög nr. 80/2007 <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2007080.html>

Stofnvegir

Stofnvegir A (Meginstofnvegir)

Meginstofnvegir tryggja greiða og örugga umferð fólks og vöru í gegnum höfuðborgarsvæðið og að/frá svæðinu með áherslu á alþjóðlegar megingáttir samgöngukerfis landsins.

Meginstofnvegur liggur norður suður í gegnum svæðið. Við þennan stofnveg er aðal inn- og útflutningshöfn landsins og aðal inn- og útflutningsflugvöllur landsins. Sá meginstofnvegur samanstendur af Reykjanesbraut frá Sundahöfn og suður úr og Vesturlandsvegi frá Reykjanesbraut og norður úr. Þriðja megingtenging höfuðborgarsvæðisins við aðliggjandi svæði, Suðurlandsvegur frá Vesturlandsvegi og austur úr, er einnig í fyrsta flokki meginstofnvega.

Á þessum meginstofnvegum verður umfram aðra meginstofnvegi og stofngötur hugað sérstaklega að greiðu og öruggu flæði einka- og þungaumferðar.

Til stofnvega flokkast einnig eftirtaldir vegir sem eru í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga: Sundabraut og Ofanbyggðarvegur sem meginstofnvegir og Öskjuhlíðargöng sem stofngata.

Framtíðarsýn

- Stofnvegir A verða af vegtegund $B_{19} - A_{34}$.
- Stofnvegir A geta verið þrjár til fjórar akreinar í hvora átt.
- Vegamót eru öll mislæg. Í undantekningartilvikum er heimilt að tengja hægri beygjur inn á meginstofnveg.
- Þjónustustig er að lágmarki D, skv. HCM. Þegar líklegt er talið að þjónustustigi D verði náð innan 20 ára skal hefja undirbúning við aðgerðir til að auka afköst.
- Leyfilegur hámarkshraði verði almennt ekki lægri en 80 km/klst.


Ofanbyggðarvegur

Lega Ofanbyggðarvegur er skýr í aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Í nýju aðalskipulagi Garðabæjar er Álftanesvegur sýndur sem stofnvegur frá Ofanbyggðarvegi í Hafnarfirði að Hafnarfjarðarvegi í Engidal með mislægum vegamótum við Reykjanesbraut. Ofanbyggðarvegur er felldur út frá Álftanesvegi að Arnarnesvegi. Í umsögn Vegagerðarinnar um aðalskipulag Garðabæjar segir m.a.:

„Eins og kemur fram í greinargerð með aðalskipulaginu þá stendur yfir vinna hjá SSH og Vegagerðinni við að greina framtíðarsýn fyrir stofnvegakerfið á höfuðborgarsvæðinu. Í þeirri vinnu verður Ofanbyggðarvegur væntanlega skilgreindur og fjallað um mikilvægi hans fyrir stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins.“

Höfuðborgarsvæðið 2040

Sýn Vegagerðarinnar



FAGMENN
ÖRYGGI
FRAMSÝNI

- Stofnvegir A
- Stofnvegir B
- Stofnvegir C
- Stofnvegir skv. aðalskipulagi
- - - Borgarlína
- Mislæg vegamót
- Mislæg vegamót framtíðar eða vegamót allögð

Stofnvegir A

- Stofnvegir A verða af vegtegund B₁₉-A₃₄.
- Stofnvegir A geta verið þrjár til fjórar akreinar í hvora átt.
- Vegamót eru öll mislæg. Í undantekningar-tilvikum er heimilt að tengja hægrri beygjur inn á meginstofnveg.
- Þjónustustig er að lágmarki D, skv. HCM. Þegar líklegt er talið að þjónustustigi D verði náð innan 20 ára skal hefja undirbúning við aðgerðir til að auka afköst.
- Leyfilegur hámarkshraði verði almennt ekki lægri en 80 km/klst.

Stofnvegir B

- Vegtegund B₁₉-A₃₄.
- Stofnvegir B eru, til framtíðar, þrjár til fjórar akreinar í hvora átt.
- Vegamót geta verið mislæg, ljósastýrð eða hringtorg háð umferð. Vegamót eru mörg þegar mislæg.
- Þjónustustig að lágmarki D, skv. HCM. Þegar líklegt er talið að þjónustustigi D verði náð innan 20 ára skal hefja undirbúning við aðgerðir til að auka afköst.
- Leyfilegur hámarkshraði verði ekki lægri en 60 km/klst.

Stofnvegir C

- Vegtegund B₁₉-A₃₄.
- Stofnvegir C eru, til framtíðar, tvær til fjórar akreinar í hvora átt, háð umferð.
- Vegamót geta verið mislæg, ljósastýrð eða hringtorg háð umferð. Þegar eru nokkur mislæg vegamót á þessum vegum.
- Þjónustustig að lágmarki D, skv. HCM. Þegar líklegt er talið að þjónustustigi D verði náð innan 20 ára skal hefja undirbúning við aðgerðir til að auka afköst.
- Leyfilegur hámarkshraði verði ekki lægri en 60 km/klst.

Ofanbyggðarvegur frá Kópavogi til Hafnarfjarðar er eina leiðin sem hugsanlega gæti létt umferð af Reykjanesbraut og Hafnarfjarðarvegi. Við að falla frá hugmyndum um Ofanbyggðarveg um Garðabæ verður öll umferð til framtíðar um núverandi vegi og þar með eykst enn mikilvægi þess að halda þjónustustigi á þeim háu. Minnt er á eftirfarandi grein úr Vegalögum:

„Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.“

Miðað við aðalskipulag Garðabæjar mun Ofanbyggðarvegur þannig vart teljast til þjóðvega. Vegagerðin telur æskilegt að halda fyrri áætlun um Ofanbyggðarveg allt frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, um Garðabæ og Kópavog inni til framtíðar.

Sundabraut

Þar til sátt hefur náðst við Reykjavíkurborg um legu og útfærslu Sundabrautar mun Vesturlandsvegur um Mosfellsbæ og Kjalarnes verða fyrsti kostur Vegagerðarinnar að stofnvegi A til norðurs frá höfuðborginni. Syðsti hluti Sundabrautar gæti létt á umferðarpunga í Ártúnsbrekku.

Vísað er í kafla um skipulagsmál.

Stofnvegir B (Aðrir meginstofnvegir)

Annar flokkur meginstofnvega myndi hringtengingu innan höfuðborgarsvæðisins. Sú hringtenging samanstendur af Fjarðarhrauni, Hafnarfjarðarvegi, Kringlumýrarbraut sunnan Miklubrautar og Miklubraut austan Kringlumýrarbrautar.

Framtíðarsýn

- Vegtegund $B_{19} - A_{34}$.
- Stofnvegir B eru, til framtíðar, þrjár til fjórar akreinar í hvora átt.
- Vegamót geta verið mislæg, ljósastýrð eða hringtorg háð umferð. Vegamót eru mörg þegar mislæg.
- Þjónustustig að lágmarki D, skv. HCM. Þegar líklegt er talið að þjónustustigi D verði náð innan 20 ára skal hefja undirbúning við aðgerðir til að auka afköst.
- Leyfilegur hámarkshraði verði ekki lægri en 60 km/klst.

Stofnvegir C (Aðrir stofnvegir – stofngötur)

Aðrir stofnvegir, þ.e. stofngötur höfuðborgarsvæðisins, geta þróast með bætta sambúð þéttbýlis og umferðar að leiðarljósi.

Til stofnvega flokkast einnig eftirtaldir vegir sem eru í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga: Sundabraut og Ofanbyggðarvegur sem meginstofnvegir og Öskjuhlíðargöng sem stofngata.

Stofnvegir C eru:

Núverandi

- Kringlumýrarbraut í Reykjavík norðan Miklubrautar
- Sæbraut milli Kringlumýrarbrautar og Sægarða í Reykjavík
- Miklabraut, vestan Kringlumýrarbrautar, – Hringbraut – Eiðsgrandi um Reykjavík og Seltjarnarnes.
- Flugvallarvegur í Reykjavík
- Bústaðavegur milli Hringbrautar og Kringlumýrarbrautar í Reykjavík (þar til Öskjuhlíðargöng hafa verið gerð)
- Breiðholtsbraut í Reykjavík
- Arnarnesvegur milli Hafnarfjarðarvegur og Rjúpnavegar í Kópavogi
- Fjarðarbraut, frá Reykjanesbraut að höfn í Hafnarfirði

Stofnvegir C til framtíðar skv. skipulagi sveitarfélaga og vegaskrá

- Arnarnesvegur milli Rjúpnavegar í Kópavogi og Breiðholtsbrautar í Reykjavík.
- Öskjuhlíðargöng milli Hafnarfjarðarvegur og Hringbrautar.

Framtíðarsýn

- Vegtegund $B_{19} - A_{34}$.
- Stofnvegir C eru, til framtíðar, tvær til fjórar akreinar í hvora átt, háð umferð.
- Vegamót geta verið mislæg, ljósastýrð eða hringtorg háð umferð. Þegar eru nokkur mislæg vegamót á þessum vegum.
- Þjónustustig að lágmarki D, skv. HCM. Þegar líklegt er talið að þjónustustigi D verði náð innan 20 ára skal hefja undirbúning við aðgerðir til að auka afköst.
- Leyfilegur hámarkshraði verði ekki lægri en 60 km/klst.

Á aðalskipulagi Garðabæjar og Hafnarfjarðar er Álftanesvegur á milli Ofanbyggðarvegur og Hafnarfjarðarvegur í Garðabæ sýndur sem stofnvegur. Þessa vegar er ekki getið í svæðisskipulagi.

Skilavegir

Úr Vegalögum nr. 80/2007.

„Vegagerðinni er heimilt að semja við sveitarfélög um yfirfærslu vega frá Vegagerðinni til sveitarfélaga sem færðust úr flokki stofnvega við gildistöku laga nr. 80/2007. Heimilt er að Vegagerðin annist veghald veganna eða semji við sveitarfélögin um það til ársloka 2019.“

Vegir þessir eru eftirfarandi á höfuðborgarsvæðinu:

- Fjarðarbraut (470) á milli Fornubúða og Fjarðarhrauns, í Hafnarfirði
- Vífilstaðavegur (412) á milli Reykjanesbrautar og Hafnarfjarðarveggar
- Arnarnesvegur (411) vestan Hafnarfjarðarveggar í Garðabæ
- Nýbýlavegur (413) milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar í Kópavogi
- Stekkjarbakki og Höfðabakki (419), að hluta, í Reykjavík
- Gullinbrú og Hallsvegur (432) í Reykjavík
- Sæbraut (41) vestan Kringlumýrarbrautar – Geirsgata – Mýrarbraut, í Reykjavík
- Suðurströnd (49) á Seltjarnarnesi
- Hafravatnsvegur (431) í Mosfellsbæ
- Elliðavatnsvegur (410), Reykjanesbraut – Vífilstaðavegur
- Auk þess færðist Álftanesvegur (415) frá Reykjanesbraut til vesturs, í Garðabæ, til sveitarfélagsins við sameiningu Álftaness og Garðabæjar



Vegaskrá

Eftirfarandi vegir á höfuðborgarsvæðinu eru á vegaskrá:

- Hringvegur (1)
- Hafnarfjarðarvegur (40)
- Reykjanesbraut (41)
- Krýsuvíkurvegur (42)
- Nesbraut (49)
- Arnarnesvegur (411)
- Breiðholtsbraut (413)
- Flugvallarvegur Reykjavík (414)
- Bessastaðavegur (416)
- Bláfjallavegur (417)
- Sundabraut (450)
- Sundagarðar (453)
- Holtavegur (454)
- Brautarholtsvegur (458)
- Fjarðarbraut (470)
- Þingvallavegur (36)
- Fossvogsbraut (409)
- Nesjavallaleið (435)



Almenningssamgöngur, þar með talin Borgarlína

- 1.7 Í skipulagi samgangna leitast sveitarfélögin við að uppfylla ferðapörf fólks með sem hagkvæmustum hætti, óháð ferðamáta. Sveitarfélögin vinna að því að litið verði heildstætt á samgöngur á höfuðborgarsvæðinu með því að grunnkerfi almenningssamgangna og hjólreiða fái sambærilega stöðu og stofnvegakerfið og fjármagn í stofnframkvæmdir, viðhald og rekstur í áætlunum ríkisins. Með heildstæðri sýn hins opinbera á fjármagn til samgangna verði stuðlað að því að hagkvæmasta leiðin að markmiðum hverju sinni verði valin.
- 2.1.14 Vegagerðin og samgönguyfirvöld vinni áætlun um sjálfbærar samgöngur í samvinnu við sveitarfélög með aukinni áherslu á almenningssamgöngur, göngu og hjólreiðar með þau markmið að leiðarljósi að draga úr umhverfisáhrifum, samgöngukostnaði og auka nærþjónustu við borgarana. Með áætluninni verði dregið úr mikilvægi einkabíla, ásamt því að draga úr orkuþörf samgangna og breyta ferðavenjum. Í sjálfbærri samgönguáætlun verði settar fram skuldbindingar ríkis og sveitarfélaga til langs tíma.
- 2.2.9 Vegagerðin taki þátt í nánari greiningu og ákvörðun um legu hágæðakerfis almenningssamgangna og útfærslu samgöngu- og þróunaráss. Þeirri grunnvinnu á að ljúka fyrir lok árs 2016.

Samkvæmt lögum um Vegagerðina skal hún annast rekstrarverkefni ríkisins á sviði almenningssamgangna.

Vegagerðin telur mikilvægt að greiða leið almenningssamgangna um höfuðborgarsvæðið. Vegagerðin leggur því áherslu á sérreinar fyrir almenningssvagna og forgang á ljósastýrðum vegamótum. Sérreinar þessar mega ekki verða til þess að þjónustustig almennrar umferðar skerðist umfram þær kröfur sem settar eru fram um þjónustustig. Þar sem fyrirhuguð Borgarlína þverar vegi í umsjá Vegagerðarinnar, utan vegamóta, verði það með brú eða göngum.

Stígar

2.3.8 Vegagerðin vinni áfram með sveitarfélögum að uppbyggingu stofnleiða göngu og hjólreiða.

Mikilvægt er að tekið sé frá rými fyrir hjólareinar og hjólastíga, eftir því sem við á, í göturými. Stofnstigakerfi er á ábyrgð sveitarfélaga. Samkvæmt Vegalögum er nú heimilt að veita fé til almennra hjólreiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við sveitarfélög. Því er mikilvægt að náði samstarf sé milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaga um þennan málaflokk.





FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSÝNI

VEGAGERÐIN

Höfuðborgarsvæðið 2040 – Sýn Vegagerðarinnar – Júní 2018

Útgefandi: *Vegagerðin*
Umsjón: *Erna Bára Hreinsdóttir, forstöðumaður skipulagsdeildar Vegagerðarinnar*
Umbrot: *Pipar\TBWA*
Prentun: *Pixel*
Ljósmyndir: *Vegagerðin*